

---

**1982 nr. 12 11. mars**  
**Lög um samstarfsnefnd Alþingis og**  
**þjóðkirkjunnar**

Tóku gildi 1. apríl 1982. Breytt með: L. 85/2012 (tóku gildi 11. sept. 2012 nema 2. másl. b-liðar 12. gr. sem tók gildi 1. sept. 2013).

■ **1. gr.**

□ Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar.

■ **2. gr.**

□ Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti [Alþingis]<sup>1)</sup> og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

□ Forseti [Alþingis]<sup>1)</sup> og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 29. gr.

■ **3. gr.**

□ Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjubings.